
Kræfir krakkar
HANDAN VIÐ BRÚNA
Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir



## Ísold

Ísold er mjög ákveðin og segir alltaf það sem henni finnst. Hana langar samt mest af öllu að eiga vini!



## Þór

Þór er rólegur og fær aðra með sér í lið. Sérstaklega í handa-hlaupum og ninjuhoppi.



## Steina

Steina er hugmyndarík og sjálfstæð. Hún er pínu eigingjörn en hjálpar vinum sínum þegar hún nennir.



## Gulli

Gulli elskar að hanga á hvolfi. Honum finnst gaman að ímynda sér að heimurinn sé bara svona og að hann geti hoppað á skýjunum.

Gulli, Ísold, Steina og Þór eru skólafélagar sem finnst gaman að fara í hlutverkaleik í frímínútum en stundum breytast leikir þeirra í alvöru ævintýri – eða hvað?

Skoðaðu fyrstu blaðsíðuna í bókinni og reyndu að ímynda þér hvað muni gerast næst!

**Kræfir krakkar - Handan við brúna**
ISBN 978-9979-0-2929-8

© 2024 Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

Ritstjóri: Elín Lilja Jónasdóttir
Málfarslestur: Diljá Þorbjargardóttir

Öll réttindi áskilin
1. útgáfa 2024
Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir
Prentvinnsla: Prentmet Oddi ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja




* Læknar mæla með að borða að minnsta kosti fimm ávexti á dag! En fyrir suma væri betra að borða ekki bara epli. Það er satt sem Jón segir, of mörg epli geta valdið niðurgangi!




* Gunnar í Hlíðargerði 6 á víst pollagalla ... en hoppar mjög lágt. Gunnar á Hlíðarenda er hins vegar löngu dáinn og kunni að hoppa. Sagt er að hann hafi stokkið hæð sína í herklæðum!


Taktu fingurinn úr nefinu þínu og taktu upp sverð!
Æi, ég er upptekinn.
Ha?
Viltu ekki skylmast?
Þvenghaus og þvottapoki!







* Það getur verið mjög erfitt að hanga á hvolfi, jafnvel lífshættulegt!
En að hanga með vinum er hins vegar lífsnauðsynlegt fyrir sálina.




* Uppáhalds hlaupið mitt er með jarðarberjabragði. Hvernig smakkast handahlaup?


Sem skólastjóri Ninjuskólans
– er mikilvægt að ég sé til staðar fyrir nemendur.
Þú hlýtur að skilja ...
Ég hef einfaldlega ekki tíma fyrir barnalega leiki.
Nú er nóg komið! Fyrst enginn vill skylmast, þá finn ég aðrar leiðir.


Í laut lengst inni í skóginum bak við Stóraskóla.
Barnalegir leikir! Hvernig dirfist hann? Allavegana hleyp ég ekki um á náttfötunum!
Halló?



Hvað ert þú að gera hér?
Steina, ég gefst upp ... ég þarf þína hjálp.
Það vill ENGINN skylmast við mig!
Hmmm ...
Ég veit, ég gef þeim öllum áhuga ...
á slagsmálum!


Jei!
Ein matskeið hor!
Einn maðkur.
Ein krókabjalla.
Á!







* Já, stundum taka hlutir langan tíma og þá er best að vera þolinmóð!


Mæði og hræði. Nú bý ég til kettlingaæði!






BREYTTIR ÞÚ ÞEIM Í KETTLINGA? ÉG ELSKA KETTLINGA ... Komdu hingað kisa litla ...
Stopp ... kis kis.
Ekki hlaupa ... komið aftur. Kis kis!


Þetta er ómögulegt! Það vill enginn vera með mér ... ég meina SKYLMAST.
Æi Ísold, farðu bara eitthvað annað fyrst þú ert svona ósátt.
Það er frábær hugmynd, Steina.




* Riddarar vilja skylmast við verðuga mótherja eins og skylmingameistara. En mús er til dæmis ekki verðugur mótherji til að skylmast við ... hún getur ekki haldið á sverði, bara títuprjóni!


Ó ... úps
Hver ætlar yfir brúna mína?


Ég ætla að éta þig!
Það held ég nú síður.




* Heigull er ekki kryddið sem fer í piparkökur … það er negull. Önnur orð fyrir heigul, eru gunga, rola, veimiltíta og hræðslupúki.




* Gulrætur eru ekki gular, þær eru appelsínugular. Appelsínugulur kemur frá orðinu appelsína ... Appelsína er gamalt orð sem þýðir „epli frá Kína."




* „Hahaha" stendur fyrir hlátur, en sumir hlæja öðruvísi eins og „hehehe".
Ég þekki mann sem hrýtur smá þegar hann hlær.


Hahaha!
NIBBÍ NIBBÍ!
SEI SEI! Hvað er á seyði hér?
Hæ ... ömm. Mér datt í hug að einhver hér vildi fara í einvígi?
EINVÍGI! Í Naddavík?
Riddari! Í Naddavík!? Það má ekki.
Riddarar hafa verið bannaðir í hundrað og tólf ár!
NIBBÍ ...


Einvígi eru mjög hættuleg og við Naddar gerum ekki slíkt lengur.
NÚBBÍ ...
Snautaðu heim, aumi riddari!
NÚBBÍ...


NADDAVÍK
Af hverju vill enginn vera með mér .... ég meina, vill enginn skylmast upp á líf eða dauða?
Ég bara skil ekki ...


RING
Mjá!
Mjá!
Mjá!
Mjá!


Hvað er að frétta Steina?
Kettlingar eru óþolandi!
Rosalega langar mig í fisk ... Áttu fisk Þór?


Næst breyti ég öllum í snigla! Það er miklu þægilegra! Sniglar klóra EKKI!
ISS! Kettlingar eru allavegana skemmtilegri en NADDAR!
Ekki breyta okkur í snigla, mig langar ekki að vera snigill.
En hvað um harðfisk, Þór. Áttu þannig?



# Eftir lesturinn!

Spjallið saman og rifjið upp söguna.

- Um hvað fjallar sagan?
- Hvernig er söguþráðurinn?
- Hvaða atriði fannst ykkur skemmtilegast?

Ímyndið ykkur að þið gætuð galdrað.

- Hvernig mynduð þið nota galdramáttinn?
- Skrifið niður nokkur atriði.



Kræfir krakkar

# HANDAN VIÐ BRÚNA

**Ísold vill fara í einvígi,
en finnur sér engan andstæðing!
Hún leitar til nornarinnar Steinu
með óvæntum afleiðingum.**

Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

ISBN 978-9979-0-2929-8

40746